



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

ÚTLÁN

Bókasafn Orkustofnunar

Hitastigulsboranir í Þykkvabæ

Ólafur G. Flóvenz

Unnið fyrir Djúpárhrepp

OS-96057/JHD-35 B

Október 1996



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 610 862

## **Hitastigulsboranir í Þykkvabæ**

Ólafur G. Flóvenz

Unnið fyrir Djúpárhrepp

OS-96057/JHD-35 B

Október 1996

## 1. Inngangur

Sumarið 1996 voru boraðar 11 hitastigulsholur í Þykkvabæ til að kanna hvort nýtanlegan jarðhita væri að finna í grennd þéttbýlisins þar. Í greinargerð Orkustofnunar um líkur á jarðhita í Þykkvabæ (Ólafur G. Flóvenz, 1995) er fjallað um forsendur jarðhitaleitarinnar.

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða boraði holurnar. Þær voru 60-100 m djúpar nema sú síðasta, sem var boruð niður á 200 m dýpi. Ein hola var fyrir í Þykkvabæ, liðlega 100 m djúp hola við Hábað, boruð árið 1947.

Boranirnar 1996 fóru fram í tveimur áföngum. Vorið 1996 voru boraðar 4 holur og voru niðurstöður þeirra birtar í greinargerð Orkustofnunar (Ólafur G. Flóvenz, 1996). Þar kom fram að afbrigðilega hár hitastigull virðist fylgja jarðskjálftabelti sem liggur um Djúpárhrepp miðjan með norðaustlæga stefnu og vekur vonir um að þar kynni að mega finna nýtanlegt jarðhitakerfi. Jafnframt er bent á að þessi hækkaði hitastigull kunni að stafa af vatnsrennslí í setlögunum eða afbrigðilega lágrí varmaleiðni setlaganna. Einnig er vakin á því athyli að hitastigullinn getur ekki talist vera mjög hár og bora þurfi a.m.k. 500 m niður til að komast í 60°C hita.

Seinni áfangi borananna fór fram haustið 1996. Þá voru boraðar 7 holur til viðbótar, sú dýpst var um 200 m djúp. Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra.

## 2. Boranir og hitamælingar

Á mynd 1 er sýnd staðsetning holanna ásamt hita á 80 m dýpi. Staðsetning holanna miðaði að því að afmarka það svæði, sem virtist hafa hærri hitastigul en dæmigerður er utan jarðhitasvæða á þessum slóðum. Hitamælingar úr öllum borholum í Þykkvabæ eru sýndar í viðauka I og borskýrslur eru í viðauka II.

Tafla 1 sýnir yfirlit um allar holurnar ásamt helstu niðurstöðum um jarðög, hitastigul og vatnsæðar.

### 2.1 Jarðög í borholunum

Borsvarf var greint úr tveimur holanna, holu PB-2 og PB-12. Greinargerðir Guðmundar Ómars Friðleifssonar, jarðfræðings, um greiningu borsvarfsins eru í viðauka III. Í holu PB-2 er ósamlímdur foksandur í efstu 42 m. Þar tekur við móhella, sem nær niður á um 60 m dýpi. Þar fyrir neðan tekur við fínkorna sandsteinn með skeljaleifum, sem myndaður er í sjó. Neðan 99 m og til botns á 105 m var borað í silt-eða leirstein.

Í holu PB-12 er sandurinn ámóta þykkur og í holu PB-2. Á 42-54 m dýpi er borað gegnum hraunlag sem trúlega er langt að runnið og fannst ekki í holu PB-2. Annað hraunlag sést einnig á 66-72 m dýpi en gæti allt eins verið úr þursabergi með miklu basalti í. Neðan við neðra hraunlagið er síðan komið í sjávarsetlög, sem ná niður á 135 m þar sem komið er í basalthraun. Það er um 30 m þykkt og bólstrakennt og hefur því trúlega runnið í sjó fram. Þar fyrir neðan tekur við um 17 m þykk syrpa af lagskiptu

sjávarseti með vægri lághitaummyndun, sem myndast við 20-40°C hita. Frá 183 m dýpi og til botns er borað í gegnum þóleiít basalthraun.

Telja verður líklegt að undir Þykkvabæ megi finna jarðmyndanir frá tveimur mismunandi jarðsöguskeiðum, annars vegar tiltölulegar ungar jarðmyndanir þar sem skiptast á setlög, móberg og hraunlög með fremur hárrí lekt og lítili ummyndun. Undir þessari myndun má vænta þess að til staðar sé gamall ummyndaður og þéttur berggrunnur frá tertíer tímabilinu. Ekki er vitað á hvaða dýpi mörk þessara jarðmyndana liggja. Litlar líkur eru til að finna vatnsæðar á lagmótum eftir að komið er niður í gamla bergið.

Telja verður líklegt að jarðlög í hinum holunum séu af svipuðum toga og í PB-2 og PB-12, foksandurinn á yfirborði er 19-42m þykkur, þar fyrir neðan tekur við einhvers konar móhella, þá allþykk sjávarset uns komið er í basalthraun á um 130 m dýpi.

Hola nr	Dýpi (m)	Sand- þykkt	Stigull I Sandur	Stigull II Móhella	Stigull III Sjávarset	Stigull IV Berg- grunnur	Lög með óreglu- legum hitastigli	Vatn í borun
PB-1	100		0-65m 88 °C/km	65-94 m: 72°C/km	65-94 m: 72°C/km			
PB-2	105	40		25-80 m: 114°C/km	80-105 m: 83°C/km			60m
PB-3	88	34	105 °C/km	105 °C/km	105 °C/km		45-55 m 65-80 m	47m (raki)
PB-4	94	58	0-35 m 129 °C/km	35-62 m: 75 °C/km	62-90 m: 128 °C/km			58m
PB-5	63	23	0 - 15m: 160 °C/km	15-50m: 51 °C/km	50-63 m: 111 °C/km			30m, 60m
PB-6	100	43	0-40 m: 106 °C/km	40-76m: 72 °C/km	76-98 m: 115 °C/km			72m, 78m
PB-7	63	19	0-30m: 146 °C/km	30-50m: 93 °C/km			50-60m	57m, 63m
PB-8	91	18		46-80m: 115 °C/km			80-90m	51-52m
PB-9	102	40	25-40m: 103 °C/km	50-90 m: 83 °C/km			45-50m	47m, 61m
PB-10	102	27	0-55m: 110 °C/km	55-65 m: 56 °C/km	65-90 m: 97 °C/km		90-100m	32m, lítið
PB-11	102	20		25-50 m: 123 °C/km	60-80 m: 123 °C/km		50-60m 80-100m	27m, 42m, 62m, 89m
PB-12	195	35	0-40m: 145 °C/km		70-135 m: 102 °C/km	135-190m: 79 °C/km	40-50m. 65-70m	39m, 71m, 129m 157m 185m

Tafla 1. Yfirlit um borholur, hitastigul og vatnsæðar.

## **2.2 Hitamælingar í borholunum**

Hitaferlar úr öllum borholunum eru sýndir í viðauka I. Þegar allar holurnar eru skoðaðar í samhengi sést að víða eru nokkrar óreglur í hitastigli. Þær eru af tvennum toga.

Í fyrsta lagi virðist í mörgum holum mega greina allt að fjögur hitastigulslög og er algengt að vatnsæðar séu á lagamótunum. Með samanburði við jarðlagagreiningu virðist hvert hitastigulslag svara til ákveðins jarðlags eða jarðlagasyrpu. Hvergi sjást þó nema tvö eða þrjú hitastigulslög í einni og sömu holunni. Efsta hitastigulslagið svarar til ósamlímda sandisins í efstu 20-40 metrunum. Truflanir af árstíðasveiflum og fleira veldur því að ekki er hefur alltaf verið unnt að ákvarða hitastigul í þessu lagi. Næsta hitastigulslag er oftast fremur þunnt og með talsvert lægri hitastigul en löginn fyrir ofan og neðan. Það tengist móhellunni, sem tekur við þar sem sandinum sleppir. Þriðja lagið er síðan syrpa af sjávarsetlögum neðan móhellunnar. Fjórða lagið tekur við á 135 m dýpi þar sem basalthraun og lághitaummynduð setlög taka við. Mörkin milli einstakra laga eru misskýr frá einni holu til annarrar, sum staðar eru þau mjög glögg annars staðar sjást þau varla eins og í austustu holunum (PB-1 og PB-9).

Í öðru lagi sjást sum staðar þunn lög þar sem koma fram talsverðar óreglur í hitastigli, yfirleitt þó mikil lækkun. Í holu PB-12 eru t.d. tvö slík lög, bæði í hraunlögum. Líklega er þarna um að ræða lek lög þar sem vatnsrennsli truflar varmaflæði með varmaleiðni.

Á myndum 3 - 5 eru sýnd tvö austur-vestur snið og eitt norður-suður snið gegnum borholurnar. Þar er jarðlagaskipan færð inn með hliðsjón af svarfgreiningu og hitastigulslögum og hitastigull einstakra laga sýndur í hverri holu þar sem tekist hefur að ákvarða hann.

Mismunandi hitastigull eftir jarðögum í einstökum borholum stafar annað hvort af mishárrí varmaleiðni jarðlaganna eða mismikilli lekt þeirra og þar með vatnsrennsli um þau. Líklegt er að lágor hitstigull í móhellunni stafi fyrst og fremst af vatnsrennsli en lægri hitastigull í sjávarsetum í neðri hluta holanna og jarðögum neðan 135 m af vaxandi varmaleiðni með dýpi.

## **2.3 Hitastigull og jarðhiti**

Til að unnt sé að bera saman hitastigul frá einni holu til annarrar og draga af ályktanir um hugsanleg jarðhitakerfi, verður að ganga út frá því að varmaleiðni jarðlaganna sé svipuð milli hola. Þar sem varmaleiðni virðist augljóslega vera mismunandi eftir jarðögum verður að gæta þess að bera einungis saman hitastigul í sambærilegum jarðögum. Hér er því valin sú leið að bera saman hitastigul í sjávarsetlögunum sem eru á 60 - 135 m dýpi og er hann sýndur á mynd 2. Miðað við niðurstöður úr fyrstu 5 holunum (Ólafur G. Flóvenz, 1996) hefur myndin breyst nokkuð, einkum í þá veru að hitastigulshámarkið hefur færst vestar en áður. Þar ræður mestu breytt túlkun á hitamælingum úr holu PB-5. Það sem áður var talið vera millirennslí milli æða í holu PB-5 er nú túlkað sem lægri stigull í móhellunni og því reynist hitstigullinn í þessari holu neðan móhellunnar mun hærri en meðalhitastigullinn sem stuðst var við í fyri greinargerð. Þetta þýðir einnig að hola PB-12 var ekki boruð á heppilegasta stað heldur hefði hún átt að vera vestan við holu PB-4 fremur en austan við. Þrátt fyrir þetta er hiti á 80 m dýpi hæstur kringum holur PB-2, PB-8 og PB-11 (mynd 1).

Hola PB-12 er eina holan sem nær niður úr setlögunum. Hún sýnir að hitastigull lækkar úr 102 °C/km í 79 °C/km eða um 23% þegar kemur niður í þéttari og vægt ummynduð jarðög undir setlögunum. Það leiðir aftur til þeirrar ályktunar að hluti af þeim afbrigðilega háa hitastigli sem mælst hefur á þessum slóðum stafar af lágri varmaleiðni setlaganna. Það breytir hins vegar ekki því að hækkaður hitastigull mælist innan setlaganna umhverfis holur PB-4, PB-8 og PB-11. Þessi lítillega hækkaði hitastigull gæti skýrst af tvennu, óreglum í berggrunni (berggrunnurinn rís upp þar sem hitastigull er hár) eða rennsli á vatni, annað hvort volgu vatni tiltölulega grunnt eða heitara vatni á miklu dýpi

Hins vegar er hitastigullinn í sjávarsetunum varla hærri en 130°C/km þar sem hann er hæstur (nærri holu PB-4) og ef við gerum ráð fyrir að 23% af því stafi af lágri varmaleiðni setlaganna er vart að búast við hærri hitastigli en 100°C/km í basaltlögunum neðan setlaganna undir holu PB-4. Það er einungis um 20-30% hærri stigull en eðlilegt má telja á þessum slóðum og bendir ekki til umtalsverðs jarðhita á litlu dýpi. Aðalatriðið er, að ekki er að búast við hærri hita á hugsanlegum vatnsæðum en sem nemur hitastigli upp á 100 °C/km. Það þýðir að við getum fyrst búist við 70-80°C heitum vatnsæðum niðri á 700 - 800 m dýpi, sem í reynd þýðir að hugsanleg hola yrði að vera um 1000 m djúp.

### 3. Við hverju má búast úr 1000 m djúpri holu

Eins og fram hefur komið gefa rannsóknarboranirnar og dreifing jarðskjálftaupptaka svölitla vísbendingu um rennsli á volgu eða heitu vatni í sprungum í jarðögum, án þess þó að hægt sé að segja til um hvort um sé að ræða rennsli á um 20°C vatni nærri 200 m dýpi eða eitthvað heitara vatn dýpra. Nákvæm staðsetning þessarar hugsanlegu sprungu er óviss og því ekki miklar líkur á að 1000 m djúp hola myndi hitta á sprunguna ef hún á annað borð er til. Því verður að ganga út frá því að þær vatnsæðar sem kynnu að finnast í borun myndu fremur tengjast láréttum lagamótum nærri sprungum en sprungunum sjálfum. Dýpri jarðög undir rannsóknarsvæðinu eru óþekkt en þó má búast við að talsvert kunni að vera af setlögum milli hraunlaga þegar dýpra kemur og þeim lagamótum gætu fylgt smávægilegar vatnsæðar líkt og í borholum undir Eyjafjöllum og í Vestmannaeyjum. Árangur af borun 1000 m holu felst því fyrst og fremst í þeim möguleika að lek lagamót séu á 500 - 1000 m dýpi, þar sem hiti er orðinn nógu hár til að vatnsæðarnar séu nýtanlegar. Ef við lítum til árangurs af þeim holum, sem boraðar hafa verið niður á 1000 m dýpi á þessum slóðum blasir við sú mynd að þær gefa 3-15 l/s við allt að 200 m niðurdrátt. Djúpa holan í Vík er lökust og gefur 3 l/s af liðlega 40°C vatni við tæplega 200 m niðurdrátt en holan í Skógi er best og gefur 15 l/s af 46°C vatni við 150 m niðurdrátt. Auðvelt er að fá hærri hita í Skógi með því að fóðra af grynnri æðar en þá minnkar rennslið nokkuð (Grímur Björnsson 1996, pers. uppl.).

Verði lagt út í borun 1000 m holu í Þykkvabæ, er mælt með því að hún verði boruð í grennd við holu PB-4 eða skammt norðvestan hennar. Þar er líklegra að hitta í vatnsæðar í eða nálægt sprungum en annars staðar á rannsóknarsvæðinu. Mikilvægt er að vel verði staðið að boruninni. Bora þarf með öflugu bortæki, fóðra a.m.k. í 190 m og bora niður úr fóðringunni með a.m.k. 8 1/2" krónu. Jafnframt þarf að fylgjast

gaumgæfilega með hugsanlegum æðum, sem fram kæmu í borun ofan 500 m dýpis, því þær yrðu væntanlega ekki nógu heitar og þyrfti því að þetta þær með steypu.

#### 4. Verð á orku úr 1000 m djúpri holu

Áður en lagt er út í borun á jafnmiklu mannvirki og 1000 m hola er, er rétt að reyna að leggja tölulegt mat á orkuverð frá slíkri holu, beri hún á annað borð árangur. Óvarlegt er að reikna með að svona hola kosti minna en 15 Mkr þegar allt er talið, en auðvitað ræðst verðið af þeim samningum, sem nást við borfyrirtæki. Í töflu 2 er sýnt reiknað orkuverð úr 1000 m djúpri holu þar sem vatni er dælt af um 250 m dýpi. Orkuverðið er reiknað út fyrir mismunandi árangur, þ.e. fyrir mismikið vatnsmagn og hita. Athygli er vakin á því að þetta eru ekki nákvæmir útreikningar og því aðeins nothæfir til að gera sér gróflega grein fyrir hagkvæmni þess að ná upp heitu vatni. Einnig þarf að gæta þess að þetta útreiknaða orkuverð miðast við að markaður sé fyrir alla orkuna strax frá upphafi og hér er einungis um að ræða verð á vatni komið upp úr holu, bæta þarf við þeim hluta orkuverðs, sem felst í því að koma orkunni til hugsanlegra neytenda. Sá kostnaður getur verið afar mismunandi eftir aðstæðum.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar:

Verð borholu	15.000.000 kr
Virkjun holunnar	10.000.000 kr
Dæludýpi	250 m
Afskriftatími	25 ár
Vextir	5 %
Neðri nýtingarmörk	30 °C

Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 2.

Hiti/rennsli		1 l/s	2 l/s	4 l/s	6 l/s	8 l/s	10 l/s
40°C	Orka (Gwh)	0,37	0,73	1,47	2,2	2,94	3,67
	Orkuverð (kr/kWh)	6.01	3,18	1,77	1,30	1,06	0,92
50°C	Orka (Gwh)	0,73	1,47	2,94	4,4	5,87	7,34
	Orkuverð (kr/kWh)	3,01	1,59	0,89	0,65	0,53	0,46
60°C	Orka (Gwh)	1,1	2,20	4,40	6,60	8,81	11,01
	Orkuverð (kr/kWh)	2,0	1,06	0,59	0,43	0,35	0,31
70°C	Orka (Gwh)	1,5	2,94	5,87	8,81	11,74	14,68
	Orkuverð (kr/kWh)	1,5	0,80	0,33	0,33	0,27	0,23

Tafla 2. Lauslega áætlað orkuverð og orkuframleiðsla frá 1000 m djúpri vinnsluholu miðað við að vatni sé dælt af 250 m dýpi. Lauslega metið þarf 300 manna byggðalag um 6 GWh til upphitunar. Skyggðu reitirnir sýna þá möguleika þar sem orkuverð er undir 1 kr/kWh. Hæpið er að það borgi sig að leggja út í borun fyrir hærra orkuverð frá holu en 1 kr/kWh.

Þegar litið er á töflu 2 sést að orkuverðið ræðst mjög af árangri borunar. Til samanburðar getum við haft að orkukostnaður notenda við niðurgreidda rafhitun til húshitunar er einhvers staðar nálægt 2,10 kr/kWh, en óniðurgreitt myndi verðið vera 3,47 kr/kWh. Ef við höfum í huga að orkuverðið í töflu 1 er orkuverð upp úr holu þá

þarf að bæta við það dreifingarkostnaði til að fá réttan verðsamанburð við rafhitun. Á þessu stigi hefur ekki verið gerð nein tilraun til að leggja mat á hann, en óvarlegt er að gera ráð fyrir því að hann sé undir 1,0 kr/kWh. Þannig getum við gróflega sagt að við verðum að fá orkuverð sem er lægra en 1 kr/kWh upp úr holu til að hitaveita í Þykkvabæ verði hagkvæm.

## 5. Niðurstöður


Niðurstöður jarðhitarannsóknanna í Þykkvabæ má draga saman á eftirfarandi hátt:

1. Dreifing á jarðskjálftum í Djúpárhreppi bendir til þess að sprungukerfi geti legið um hreppinn miðjan fá norðaustri til suðvesturs.
2. Hitastigulsboranir sýna nokkuð hærri hitastigul innan skjálftabeltisins en vænta má á þessum slóðum utan jarðhitasvæða. Hluti af þessum háa hitastigli skýrist af lágrí varmaleiðni setlaga í efstu 135 metrum jarðalaganna undir Þykkvabæ. Hinn hlutann verður annað hvort að skýra með rennsli volgs eða heits vatns í berggrunni eða með óreglum í dýpi á berggrunn.
3. Ólíklegt er að nýtanlegt heitt vatn finnist ofan 500 m dýpis. Ef á annað borð verður lagt út í borun, er mælt með borun allt að 1000 m holu, sem fóðruð yrði í um 190 m og yrði a.m.k. 8 1/2" víð neðan fóðringar..
4. Ekki eru taldar miklar líkur á að það takist að hitta í hugsanlega sprungu í berggrunninum með borun djúprar holu. Hins vegar er hugsanlegt að vatnsæðar fylgi lagamótum í yngri hluta jarðlagastaflans líkt og í Vestmannaeyjum og undir Eyjafjöllum. Ekki er vitað hve djúpt yngri hluti jarðlagastaflans nær, en nái hann niður á 1000 m dýpi er von um slíkar vatnsæðar nægjanlega langt niður til að komast í nýtanlegan hita. Ef slíkar vatnsæðar fyrndust á 500-1000 m dýpi gæti borun 1000 m holu skilað heitu vatni til yfirborðs á hagkvæman hátt, þ.e. að orkuverð við holutopp yrði undir 1 kr/kWh.


## 6. Heimildir

Ólafur G. Flóvenz, 1995: Líkur á jarðhita í Þykkvabæ. Orkustofnun, greinargerð, ÓGF-95/06, 6s.

Ólafur G. Flóvenz, 1996: Borun fjögurra hitastigulshola í Þykkvabæ í maí 1996. Orkustofnun, greinargerð, ÓGF-96/05, 14s.




Mynd 2



Mynd 1


**DJÚPÁRHREPPUR**  
**Snið milli holna PB-5 og PB-1**



OS 96.10.0349 .ÓGF

Mynd 3


**DJÚPÁRHREPPUR**  
**Snið milli holna PB-6 og PB-3**



OS 96.10.0350 .ÓGF

Mynd 4

**DJÚPÁRHREPPUR**  
**Snið milli holna PB-5 og PB-9**




Mynd 5

**Viðauki I**

**Hitamælingar í borholum**


17 Oct 1996 ogf  
L= 84701 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola PB-1  
Hitamæling




17 Oct 1996 ogf  
L= 84702 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola ÞB-2  
Hítamæling




17 Oct 1996 ogf  
L= 84703 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola ÞB-3  
Hítamælingar




17 Oct 1996 ogf  
L= 84704 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola PB-4  
Hítamæling




17 Oct 1996 ogf  
L= 84705 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola ÞB-5  
Hitamæling




17 Oct 1996 ogf  
L= 84706 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola PB-6  
Hitamæling




17 Oct 1996 ogf  
L= 84707 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola PB-7  
Hitamæling




17 Oct 1996 ogf  
L= 84708 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola PB-8  
Hítamæling




17 Oct 1996 ogf  
L= 84709 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola PB-9  
Hitamælingar




17 Oct 1996 off  
L= 84710 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola PB-10  
Hitamæling




17 Oct 1998 ogf  
L= 84721 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola PB-11  
Hitamæling



17 Oct 1996 ogf  
L= 84722 Oracle

Djúpárhreppur  
Hola PB-12  
Hitamæling



**Viðauki II**

**Borskýrslur**

## RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA

Bæjarnafn

Kephvihólmur

Hola nr.

BB-6

Staður

Hafnflóa

Dags

3-7-96

Sýsla

Reykjavíkhlýðun

Verkkaupi

Dýrkhús klappar

Borkróna	<u>3'6"</u>	Metra Fööring	<u>3"</u>	Metra Fööurtími	
"	<u>3"</u>	"	<u>1</u>	Bortími	
"	<u>1</u>	"	<u>1</u>	Heitt	<input checked="" type="checkbox"/>
"	<u>1</u>	"	<u>1</u>	Kalt	
				Jarðsýni	<u>BB-6</u>

Ath.

Jarðfræðingur H. Ólafur ElvarssonVatnsmagn 4-5 L á sek.Borhola í metrum Borstjóri Johnny S.

1	41	81
2	42	82
3	43	83
4	44	84
5	45	85
6	46	86
7	47	87
8	48	88
9	49	89
10	50	90
11	51	91
12	52	92
13	53	93
14	54	94
15	55	95
16	56	96
17	57	97
18	58	98
19	59	99
20	60	100
21	61	101
22	62	102
23	63	103
24	64	104
25	65	105
26	66	106
27	67	107
28	68	108
29	69	109
30	70	110
31	71	111
32	72	112
33	73	113
34	74	114
35	75	115
36	76	116
37	77	117
38	78	118
39	79	119
40	80	120

Ath. Holutárun meðan TB-6

## RÆKTUNARSAMBAND FLOA OG SKEIÐA

Bæjarnafn Tækkríðar  
 Staður Borgarfjörður 1. 9. Fjallavatnsgata  
 Sýsla Reykjavík/Reykjanes  
 Verkkaupi Djúparkerfugðar

Hola nr. TB-7  
 Dags 27-9-96

Borkróna	<u>3"</u>	<u>21</u>	Metra	Fóðring	<u>3"</u>	<u>21</u>	Metra	Fóðurtími
"	<u>31</u>	<u>163</u>	"	"	<u>1</u>	<u>1</u>	"	Bortími
"	<u>1</u>	<u>1</u>	"	"	<u>1</u>	<u>1</u>	"	Heitt
"	<u>1</u>	<u>1</u>	"	"	<u>1</u>	<u>1</u>	"	Kalt

Jarðsýni DB-7

Ath.

Jarðfræðingur Olafur FlóðinVatnsmagn (A 2-3) i dalBorhola í metrum Borstjóri Tækkríðar S.

1	<u>Tækkríðar</u>	41	81
2		42	82
3		43	83
4		44	84
5		45	85
6		46	86
7		47	87
8		48	88
9	<u>Sæðilv</u>	49	89
10		50	90
11		51	91
12		52	92
13		53	93
14		54	94
15		55	95
16		56	96
17		57	<u>Vatnssæð</u> 97
18		58	<u>C2: Tifisch</u> 98
19		59	99
20		60	<u>Hartberg</u> 100
21		61	101
22		62	<u>Vatnssæð</u> 102
23		63	<u>C2: Tifisch</u> 103
24		64	104
25	<u>Arikt Berg</u>	65	105
26		66	106
27		67	107
28		68	108
29		69	109
30		70	110
31		71	111
32		72	112
33		73	113
34		74	114
35		75	115
36		76	116
37		77	117
38		78	118
39		79	119
40		80	120

Ath. Halut að meðtala TB-7

## RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA

Bæjarnafn Gylfi Viðar Hola nr. BB-8  
 Staður Hlíðarhlíð Langi í Fjallavatnssauði Dags 5-9-96  
 Sýsla Rangárvylla Þingelstaðir  
 Verkkaupi Öjupar hér neppur

Borkróna	<u>3"</u>	<u>Metra Fóðring</u>	<u>3"</u>	<u>i 21</u>	<u>Metra Fóðurtími</u>	<u>_____</u>
"	<u>3"</u>	<u>191</u>	"	"	"	<u>Bortimi</u>
"	<u>1</u>	<u>"</u>	"	"	"	<u>Heitt</u> <input checked="" type="checkbox"/>
"	<u>1</u>	<u>"</u>	"	"	"	<u>Kalt</u>

Jarðsýni BB-8

Ath.

Jarðfræðingur Olafur Flæns

Borhola í metrum Borstjóri Jahvny G Vatnsmagn (A 1-1½ lítar)

1	41	81
2	42	82
3	43	83
4	44	84
5	45	85
6	46	86
7	47	87
8	48	88
9	49	89
10	50	90
11	51	91
12	52	92
13	53	93
14	54	94
15	55	95
16	56	96
17	57	97
18	58	98
19	59	99
20	60	100
21	61	101
22	62	102
23	63	103
24	64	104
25	65	105
26	66	106
27	67	107
28	68	108
29	69	109
30	70	110
31	71	111
32	72	112
33	73	113
34	74	114
35	75	115
36	76	116
37	77	117
38	78	118
39	79	119
40	80	120

Ath. Holataphus mordax TB-8

## RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA

Bæjarnafn Hólmheiði  
 Staður Flóahólmarsandur  
 Sýsla Kerfðalagðar eyðstuðna  
 Verkkaupi Djúphálsfjörður

Hola nr. DB-9  
 Dags 7-9-96

Borkróna 35.5 ± 142.69 Metra Fööring 3.6 ± 42.69 Metra Fööurtími \_\_\_\_\_  
 " 3" 1102 " " " 1 " Bortími \_\_\_\_\_  
 " 1 " " " 1 " Heitt X  
 " 1 " " " 1 " Kalt \_\_\_\_\_  
 Jarðsýni DB-9

Ath.

Jarðfræðingur Olafur Flæns

Borhola í metrum	Borstjóri	Vatnsmagn
1	41	81
2	42	82
3	Myrra	83
4	44	84
5	45	85
6	46	86
7	47	87
8	48	88
9	49	89
10	50	90
11	51	91
12	52	92
13	53	93
14	Sandur	94
15	54	95
16	55	96
17	56	97
18	57	98
19	58	99
20	59	100
21	60	101
22	61	102
23	62	103
24	63	104
25	64	105
26	Mjólkur	106
27	65	107
28	66	108
29	67	109
30	68	110
31	69	111
32	70	112
33	71	113
34	72	114
35	73	115
36	74	116
37	75	117
38	76	118
39	77	119
40	78	120
	79	
	80	

Ath. Hafðit uppi meðtun TB-9

## RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA

Bæjarnafn Fykkvirðir  
 Staður I Þíðubakar  
 Sýsla Rangárvallavegla  
 Verkkaupi Dýrafjardarhópsh.

Hola nr. 6310  
 Dags 9. sept. 96

Borkróna 3" bly 130.6 Metra Fóðring 3" 130.60 Metra Fóðurtími \_\_\_\_\_  
 " 3 1721 " " 1 " Bortími \_\_\_\_\_  
 " 1 " " 1 " Heitt X  
 " 1 " " 1 " Kalt \_\_\_\_\_  
 Jarðsýni PB-10

Ath. \_\_\_\_\_  
 Jarðfræðingur Erlendur Elvarsson Vatnsmagn 1-11 ásak

Borhola í metrum	Borstjóri <u>Johann</u>	Vatnsmagn
1	41	81
2	42	82
3	43	83
4	44	84
5	45	85
6	46	86
7	47	87
8	48	88
9	49	89
10	50	90
11	51	91
12	52	92
13	53	93
14	54	94
15	55	95
16	56	96
17	57	97
18	58	98
19	59	99
20	60	100
21	61	101
22	62	102
23	63	103
24	64	104
25	65	105
26	66	106
27	67	107
28	68	108
29	69	109
30	70	110
31	71	111
32	72	112
33	73	113
34	74	114
35	75	115
36	76	116
37	77	117
38	78	118
39	79	119
40	80	120

Ath. \_\_\_\_\_  
 \_\_\_\_\_  
 \_\_\_\_\_

## RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA

Bæjarnafn Ljóhliðið Hola nr. PB-11  
 Staður Höfði land i fyrri náttúru. Dags 10-9-96  
 Sýsla Rangárvík  
 Verkkaupi Dýrafjörður

Borkróna	<u>30</u>	Metra Fóðring	<u>3"</u>	<u>121</u>	Metra Fóðurtími	<u>—</u>
"	<u>3"</u>	<u>1/02</u>	"	<u>1</u>	"	Bortími
"	<u>1</u>	"	"	<u>1</u>	"	Heitt
"	<u>1</u>	"	"	<u>1</u>	"	Kalt

Jarðsýni PB-11

Ath. \_\_\_\_\_  
 Jarðfræðingur Olafur Flóress

Borhola í metrum Borstjóri Johann S. Vatnsmagn Niðar

1	41	81
2	42	82
3	43	83
4	44	84
5	45	85
6	46	86
7	47	87
8	48	88
9	49	89
10	50	90
11	51	91
12	52	92
13	53	93
14	54	94
15	55	95
16	56	96
17	57	97
18	58	98
19	59	99
20	60	100
21	61	101
22	Hast heig.	vatn
23	62	102
24	63	103
25	64	104
26	65	105
27	66	106
28	67	107
29	68	108
30	69	109
31	70	110
32	71	111
33	72	112
34	73	113
35	74	114
36	75	115
37	76	116
38	77	117
39	78	118
40	79	119
	80	120

Ath. \_\_\_\_\_

## RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIDA

Blad 1

Bæjarnafn Hljóðhini í hólum  
 Staður 400 m Frá Hólinum til Hóla 2  
 Sýsla Rúndal vél laðið la  
 Verkkaupi Dýrhús klæppur

Hola nr. BB-12  
 Dags 13-7-17-9-96

Borkróna 5'' 137 Metra Fööring 5'' 137 Metra Fööurtími  
 " 5'' 1 " " 1 " " 1 " Bortimi  
 " 1 " " 1 " " 1 " Heitt X  
 " 1 " " 1 " " 1 " Kalt XX  
Jardsýni BB-12

Ath.

Jarðfræðingur Olafur Flæns

Vatnsmagn

Borhola í metrum	Borstjóri	Vatnsmagn
1	41	81
2	42	82
3	43	83
4	44	84
5	45	85
6	46	86
7	47	87
8	48 Linna	88
9	49 Set	89
10	50	90
11	51	91
12	52	92
13	53 Hotel	93
14	54	94
15	55	95
16	Sauðin	96 Leid
17	56	97
18	57	98
19	58	99
20	59	100
21	60	101
22	61	102
23	62	103
24	63	104
25	64	105
26	65	106
27	66	107
28	67	108
29	68	109
30	69	110
31	70	111 Vatn 10 1/2 l
32	71	112
33	72	113 Linna
34	73	114
35	74	115
36	75	116 Hotel og g
37	76	117 3 flaus fæst
38	77	118 Líkin
39	78	119 miður og vatn
40	79	120 Hotel og g
	80	121

Ath. Holun stórártur 51 cm upptil 22 Þóður 880 kg. samt  
stórártur nefnd vegar Höfða 18 Þóður 220 l - ic

Bæjarnafn Gylfi Ólafsson  
 Staður Rangárvatnslaugheiði  
 Sýsla Reykjavík  
 Verkkaupi Dýrafossbrauplaði

Hola nr. BB-12  
 Dags 17-3 19.9.96

Borkróna 50.los 32 Metra Fóðring 5" 137 Metra Fóðurtími \_\_\_\_\_  
 " 5" 1795" " 1" " Bortími \_\_\_\_\_  
 " 1" " 1" " Heitt X  
 " 1" " 1" " Kalt \_\_\_\_\_  
Jarðsýni BB-12

Ath.

Jarðfræðingur Ólafur Elmarz

Vatnsmagn \_\_\_\_\_


Borhola í metrum	Burstjóri	Vatnsmagn
121	161	81
1	41	
2	42	82
3	43	83
4	44	84
5	45	85
6	46	86
7	47	87
8	48	88
9	49	89
10	170	230
11	50	90
12	51	91
13	52	92
14	53	93
15	54	94
16	55	95
17	56	96
18	57	97
19	58	98
20	59	99
21	60	100
22	61	101
23	62	102
24	63	103
25	64	104
26	65	105
27	66	106
28	67	107
29	68	108
30	69	109
31	70	240
32	71	110
33	72	111
34	73	112
35	74	113
36	75	114
37	76	115
38	77	116
39	78	117
40	79	118
41	80	119
42	80	250
43	81	120
44	82	
45	83	
46	84	
47	85	
48	86	
49	87	
50	88	
51	89	
52	90	
53	91	
54	92	
55	93	
56	94	
57	95	
58	96	
59	97	
60	98	
61	99	
62	100	
63	101	
64	102	
65	103	
66	104	
67	105	
68	106	
69	107	
70	108	
71	109	
72	110	
73	111	
74	112	
75	113	
76	114	
77	115	
78	116	
79	117	
80	118	
81	119	
82	120	

Ath.

### **Viðauki III**

**Greinargerðir Guðmundar Ómars Friðleifssonar um  
jarðlög í holum PB-2 og PB-12**

Jarðlög



### Þykkvibær - Borhola 2

Hola 2 er öll boruð í setlög. Svarf vantar að vísu úr efstu 15 m holunnar (sandur), en þar fyrir neðan er borsvarfið úr illa eða ósamlímdum sandi allt niður í 42 m dýpi. Þar neðan við virðist hún hafa verið boruð í móhellu fyrst og síðan í misharðan sandstein og leirstein. Svarfið úr móhellunni (42-60 m) var þurr og því ekki hreinsað til skoðunnar. Neðan 60 m dýpis var svarfið blautt og öll sýni því skoluð hrein.

Lausi sandurinn efst í holunni er fremur grófur ofan til og að mestu gerður úr misvel rúnuðum glerkornum og basaltvöldum, en jafnframta úr kristalbrotum og brotum úr jarðhitaútfellingum (m.a. zeólítum) sem hljóta að vera ættaðar úr gamla berggrunninum á Suðurlandi.

Móhellan frá 42-60 m virðist vera mynduð í grunnu lóni eða leiru. Í svarfdutinu sjást smágerðar hvítar yrjur sem gætu verið skeldýraleypar, en duftið var ekki kannað nánar.

Sandsteinninn neðan 60 m dýpis er settist til í sjó, og er hann fínkorna (fínsandur), og lagskiptur og þar á meðal sjást svarfkorn úr siltlinsum. Ofan til í þessu lagi er mikið af skeljaleyfum, sem virðast vera úr kúfskel, kuðung, hrúðurkarli og einhverri íflangri skel, (og trúlega fleiri tegunum). Neðan 70 m er setið glerríkara og skeljaleyfar hverfa að mestu.


Neðst í holunni, 99-105 m, er setið úr fínsilti eða leirsteini.

Ekki er unnt að greina setlög nákvæmlega í svarfi sem safnað er á 3 m fresti, en í heildina tekið virðist sniðið þó sýna eina atburðarrás afflæðis, þ.e. minnkandi sjávardýpi með tíma. Setið er mjög fínkornótt neðst (á mestu dýpi), en kornastærð vex síðan heldur með minnkandi hafdýpi. Mikið af skeljaleyfum eru í efstu 10 m sjávarssetsins, en setið ofan 60 m virðist hins vegar vera myndað ofansjávar. Fyrst í grunnu lóni eða í leiru, sem síðan huldist foksandi sem myndaðist í strandnánd því mikið af skeljabrotum eru í neðstu 10 m foksandsins (30-42 m). Foksandur af landrænum toga er hins vegar allsráðandi ofan 30 m dýpi og væntanlega upp til yfirborðs.

Aldur sjávarssetsins neðan 60 m er óþekktur, en það er líklega myndað í lok síðustu ísaldar fyrir um 10 þúsund árum. Gerð verður tilraun til að aldursgreina skeljabrotin, milli 30-40 m, frá 63 m, 66 m, 69 m og 84 m dýpi. Ef greiningar heppnast fást mikilsverðar upplýsingar um setmyndunnarhraða og sjávarstöðubreytingar á síðjökultíma og nútíma, sem e.t.v. er ástæða til að kanna betur í fyllingu tímans.

Guðmundur Ó. Friðleifsson

Pykkvibær - Borhola 12



Hola 12 er að mestu boruð í setlög eins og hola 2 (sjá OS-greinargerð, GÓF-96/02), en þó er athygliverður munur milli holna sem vikið er að samhliða lýsingunni. Hola 12 er um 800 m vestan við holu 2.

Svarf vantar að úr efstu 39 m. sýni voru tekin á 3 m bili þar fyrir neðan. Fyrstu 2 sýnin (39m og 42 m) er úr móhellusandi og basaltkornum sem eru sum hver rúnnuð, líklega brot úr ávöllum steinum. Þar neðan við er komið í hraunlag, sem er fremur grófkorna og blöðrulaust og því e.t.v. langt að runnið. Ekkert hraunlag sást í svarfi holu 2 á þessu bili, heldur setlög set til í grunnu lóni eða leiru, sem var þá utan við hraunkant einhversstaðar milli holu 2 og 12.

Neðan við hraunið er fínkorna lagskipt set af siltkornastærð. Ofan til í því skiptast á setlinsur úr túffkornum og heldur fínkornóttari siltlinsur. Þá sést annað basaltlag, heldur þynnra en það efra og fínkornóttara, mjög glerjað í bland og túffkennt ofan og neðan til. Svarfið gæti verið úr einhverskonar túffstraum, sem innihéldi allþykkar basaltlinsur, en túlkun svarfsins liggur ekki beint við. Hér er basaltið sýnt sem hraunlag. Bæði basaltlögin hafa annaðhvort runnið á fjöru eða í grunnt vatn, og það neðra hefur orðið fyrir kælingaráhrifum af völdum vatns.

Neðan við basaltlagið á um 70 m dýpi er svo meira af fínkornóttu lagskiptu sjávarseti, með mismiklu af skeljabrotum. Setið er mislitt, stundum brúnleitt, en yfirleitt dekkra og stundum áberandi túffríkt. Setið verður er allt að því leirkennt nærrí 100 m dýpi, og þar sjást skeljasteingervingar aftur. Síðan verður það heldur gráfara í korni neðan 108 m, og allgróft neðan 120 m í tveimur sýnum. Svo heldur fínkornóttara aftur með talsverðu af skeljabrotum þar á um 130 m dýpi. Svipað sjávarset er í holu 2, þó það virðist heldur gráfara í korni, en nákvæmur samanburður verður ekki gerður. Túffríka setið nærrí 70 m dýpi í holu 2 kann þó að vera úr sama lagi og sést á um 80 m dýpi í holu 12. Helstu lagskil í setinu í holu 12 eru sýnd á jarðlagasniðinu.

Setlögin í holu 12 fram til þessa má túlka svipað og í holu 2, að þau sýni eina atburðarrás afflæðis, þ.e. minnkandi sjávardýpi með tíma. Setið er fínkornótt neðst (á mestu dýpi), en kornastærð vex síðan heldur með minnkandi hafdýpi. Fram kom í greiningu af holu 2 að setið ofan 60 m í henni virtist hafa vera myndað ofansjávar. Hraunlagið í holu 12 styður þá mynd skemmtilega. Þar hefur jafnframt verið einhverskonar áll eða árfarvegur sem hraun hafa leitað í.

Neðan 130 m dýpis, og allt niður á 165 m dýpi, er svo borað niður í fremur fersklegt glerjað basalthraun. Þetta rúmlega 30 m þykka hraun virðist hafa runni í sjó fram, og bólstrast þar og splundrast vegna kælingar. Neðan þess er lagskipt sjávarset með skeljaleyfum, og jafnframt er ummyndunar vegna hita farið að gæta í setmassanum og í bólstrahrauninu. Í þeim sést lághita-ópall, leir, kabasít og thomsónít, sem öll gætu verið mynduð við 20-40°C hita, þó neðri hitamörk séu ekki vel þekkt. Núverandi hiti á þessu dýpi er nærri 20°C.

Neðst í holunni er svo fínkornótt, smáblöðrótt basalthraunlag úr þóleiíti. sem lítið er um að segja.

Í greinagerðinni um holu 2 er þess getið að gerð yrði tilraun til að aldursgreina skeljabrotin, milli 30-40 m, frá 63 m, 66 m, 69 m og 84 m dýpi í holu 2. Hún hefur ekki verið gerð enn, og verður því bætt við tveimur sýnum úr holu 12, frá um 130 m dýpi og frá um 170 m dýpi, ofan og neðan bólstraða hraunsins.

Guðmundur Ó. Friðleifsson